

032/00 - M.b. Sigurður VE-15

Sigurður VE- 15, skipverji slasast þegar hann fellur á þilfari

M.b. Sigurður VE-15

Skipaskr.nr.: 0183

Smíðaður: í V.-Þýskalandi 1960 úr stáli

Stærð: 913,87 brl; 1.228,00 bt

Lengd: 72,51 m **Breidd:** 10,30 m **Dýpt:** 8,10 m

Vél: Nohab Polar 1.766,00 kW **Árgerð:** 1978

Annað:

Földi skipverja: 15



Sigurður ©Jón Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 25. febrúar 2000 var m.b. Sigurður VE-15 að veiðum með hringnót fyrir norðan landið. Veður: kaldi, dálítill alda, ísing.

Skipverjar höfðu kastað nótinni og höfðu híft pokaendann upp á síðuna að framan og verið að snurpa. Einn skipverja var frammi á hvalbak og hafði sett pokabandið fast á polla, tengt leiðara við enda pokabandsins svo að það væri tilbúið til að hífa í þegar þess gerðist þörf. Var hann að koma bugt af leiðaranum yfir akkerisklussopin svo að hann festist ekki í þeim þegar skipið valt mikið svo að hann missti fótana og kastaðist til. Kom hann illa niður á öxlina og var frá vinnu það sem eftir var veiðiferðar. Skipið var tómt og því talsverður stafnhalli auk þess sem ísing var á þilfarinu.

Við rannsókn kom fram

- að sögn slasaða hugleiða sjómenn lítið hvernig næstu hreyfingar skipsins verði þegar þeir eru við störf. Vinnan verður að vana og hugurinn ekki við það hverju búast megi við í hreyfingum skipsins frá einni hreyfingu til annarrar.

Nefndarálit

Nefndin telur að til þess að koma í veg fyrir slys vegna þess að mönnum skriki fótur og falli þá sé nauðsyn á að skipverjar séu ávallt, þegar veltuhreyfingar eru á skipi, með hugann við hvernig næsta eða næstu hreyfingar skipsins verða. Það að kunna að stíga ölduna rétt er eitt af grundvallaratriðum góðrar sjómennsku. Þegar vinnan verður að vana án umhugsunar er oft hætt á að mönnum yfirsjáist næsta hreyfing skipsins og það getur leitt til þess að slys verður.

Brýna nauðsyn ber til að sjómenn sjálfir hugleiði það að eina raunhæfa úrræðið til að koma í veg fyrir byltur vegna hreyfinga skips er að stíga ölduna rétt. Byltur af völdum hreyfinga skips eru ein algengasta orsök slysa á íslenskum skipum.